

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

248. tbl - 6. árg.

6. apríl 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bakjarl i byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Hagnaður af rekstri Snæfellsbæjar

Fimmtudaginn 30. mars 2006 var ársreikningur Snæfellsbæjar 2005 tekinn til fyrri umræðu.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 991,4 millj. króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a og b hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 932,2 millj. króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a og b hluta var hagnaður að fjárhæð um 15,9 millj. króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir tapi sem nam um 32,6 millj. króna. Afkoma var því betri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 48,5 millj. króna.

Fjárfestingar a-hluta voru rúmar 110 millj. kr. Helstu

framkvæmdir voru stækkun leikskólans Kríubóls, sparkvöllur á Hellissandi, lóðarframkvæmdir við Grunnskólann í Ólafsvík. Tvær fasteignir voru seldar, ein íbúð og hlutur sveitarfélagsins í Félagsheimilinu Snæfelli. Fjárfestingar b-hluta voru um 42,5 millj. kr. Stærstu fjárfestingar ársins voru tengdar hafnarframkvæmdum og framkvæmdum hjá veitustofnunum, ein íbúð félagslegra íbúða var seld og hafnar voru framkvæmdir við íbúðir fyrir sextíu ára og eldri.

Í fjárhagsáætlun 2006 er ekki gert ráð fyrir stórum framkvæmdum og að nýjar lántökur verði sem næst afborgunum lána.

Dóra nærri sokkin



Slökkvilið Snæfellsbæjar fékk tilkynningu frá hafnarverði í Ólafsvík, rétt um áttaleitið í gærmorgun, að Dóra BA 24, bátur sem lá við bryggju, var orðinn fullur af sjó.

Tveir bátar lágu utan á Dórunni og var talin hætta á því að hún gæti dregið þá niður ef allt færi á versta veg. Tókst að dæla sjónum úr Dórunni með öflugum dælum.

**Næsta tölublað Jökuls kemur út
miðvikudaginn 12. apríl**
Efni og auglýsingar þurfa að hafa borist fyrir
miðnætti mánudags 10. apríl

Jökull kemur síðan út miðvikudaginn 19. apríl
og þá þurfa auglýsingar og efni að hafa borist
fyrir kl. 09:00 að morgni þriðjudags 18. apríl



STEINPRENT
Sandholt 22, Ólafsvík
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

Sundmót Lions

í sundlauginni í Ólafsvík
á sumardaginn fyrsta

Opið öllum börnum og unglungum
í Snæfellsbæ
Nánar auglýst síðar

Þín verslun

Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tíloða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

Verslunin Kassinn ehf.
Niðarstanga 1 350 Ólafsvík. Sími 436-1378 fax 436-1346
meil. kassinn@thorverslun.is


KÆLIVER EHF
Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

Ólafsvíkurkirkja
Síðasti
sunnudagaskóli

vetrarins verður haldinn á
pálmasunnudag 9. apríl kl. 11.00.

Óvissuferð

sunnudagaskólans verður farin
á sumardaginn fyrsta 20. apríl.
Sunnudagaskólabörn og foreldrar eru
beðin að taka daginn frá.
Nánar auglýst síðar.



Sóknarprestur



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · Nef. bylgja@bylgja.is

Efst á J-lista



J-listinn í Snæfellsbæ hélt forval sl. sunnudag. Í forvalinu var kosið um 8 sæti að þeim 17 sem gáfu kost á sér í sæti fyrir J-listann í Snæfellsbæ. 125 manns kusu og varð niðurstaðan að þessir munu verma 8 efstu sætin: Fv. Pétur Steinar Jóhannsson þjónustustjóri VÍS, Gunnar Örn Gunnarsson kennari, Fanný

Berit Sveinbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur, Guðný Heiðbjört Jakobsdóttir bóndi, Friða Sveinsdóttir framkvæmdastjóri, Drífa Skúladóttir verslunarmaður og Kristján Þórðarsson bóndi. Á myndina vantar Steineyju Kristínu Ólafsdóttur sjúkraliða.

Tökum vel á móti blakfólkinu

Atvinnu og ferðamálanefnd vill hvetja alla þá sem munu veita þjónustu af einhverju tagi á komandi blakmóti hér í Snæfellsbæ til að leggja sig alla fram um að láta gestum okkar líða sem best. Það má búast við mikilli þörf fyrir alls lags þjónustu, bæði þá sem veitt er af stofnunum bæjarins og einnig þjónustu verslana og matsölustaða. Búast má við eftirspurn eftir mat og afþreyingu langt fram eftir kvöldum.

skiptavinur er besta auglýsingin og í þetta skiptið verða viðskiptavinirnir fleiri hundruð. Munum einnig að óánægðir viðskiptavinir geta skapað okkur orðspor sem getur skaðað okkur mörg ókomin ár.

Sjáum til þess að allir fari brosandí af blakmótinu, næstu mánaðarmót með sól í hjarta og sælar minningar úr Snæfellsbæ.

Atvinnu- og ferðamálanefnd Snæfellsbæjar

Munum að ánægður við-

SMÁAUGLÝSING

Íbúð til leigu

Íbúð til leigu, Brautarholt 6,
Stór 3ja. herb. leigist amk. í 1 ár,
upplýsingar í síma 699 6276 - Ethel

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf.
og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ.
Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Vorhátíð

Vor undir Jökli

**Undirbúningsfundur verður haldinn
á Hótel Búðum þriðjudaginn 11. mars
kl. 17:00**

þar sem framkvæmd hátíðarinnar
verður skipulögð og dagsetning ákveðin.

Allir sem hafa áhuga á að taka þátt
í hátíðinni eru beðnir að koma með
sínar hugmyndir á fundinn.

Við viljum hvetja sem flesta til að koma
til að gera vorhátíð Snæfellsbæinga
sem veglegasta.

Atvinnu og ferðamálanefnd Snæfellsbæjar

MÓTTAKA

Í tilefni opunar þjónustu- og ráðgjafaskrifstofu KB banka í húsnæði VÍF í Ólafsvík bjóðum við þér til móttöku á Hótel Ólafsvík fimmtudaginn 6. apríl nk. kl. 17.30.

Skrifstofan verður framvegis opin á þriðjudögum frá kl. 12.15 - 16.30. Sími 444 8990.

Í tilefni opunar þjónustu- og ráðgjafaskrifstofunnar í Ólafsvík býður KB banki þér upp á viðtalstíma fimmtudaginn 6. apríl og föstudaginn 7. apríl frá kl. 12.15 - 16.30.

Dagskrá:

Ávarp
Jón Gunnlaugsson, umdæmisstjóri VÍF á Vesturlandi

VÍF og næsta framtíð
Asgeir Baldurs, framkvæmdastjóri VÍF

Kynning á KB banka
Friðrik S. Halldórsson, framkvæmdastjóri VÍFskiptabankasviðs KB banka

Staða efnahagsmála og þróun
Þóra Helgadóttir, hagfræðingur á Greiningardeild KB banka

Léttar veitingar og spjall



KB BANKI

Á bryggjunni



Áhöfnin á Steinunni gæddi sér á köku í tilefni af 500 tonnnum

Hrygningarstoppið hófst þann 1. apríl s.l. og því eru flestir aðkomubátarnir farnir til sinna heimahafna. Aflabrögð í nýliðnum marsmánuði voru mjög góð og kanski ekki von á öðru þar sem að Breiðafjörðurinn virðist vera fullur af æti fyrir þorskinn og raunar aðrar tegundir líka, fréttir hafa borist af því stórar lóðningar af síld og loðnu sjáist á dýptarmælum skipa í Breiðafirði. Þessu aukna æti fylgir aukin fiskgengd og má sem dæmi nefna að áberandi er hve mikið er farið að veiðast af karfa í dragnót.

Í marsmánuði var landað í Rífi samtals 2.573,2 tonnnum og voru dragnótabátarnir með stærstan hluta af því. Þorsteinn landaði mestu af bátum sem gerir eru út frá Rífi eða 319 tonnnum.

Á Arnarstapa var landað 299 tonnnum í mars.

Í Ólafsvík komu 2.667,7 tonn á land í mars og munar þar mest um afla Steinunnar. Steinunn hefur líklega sett íslandsmet dragnótarbáta í löndun á einum mánuði,

samtals skilaði Steinunn 516,6 tonnnum á land í mánuðinum.

Aflatölur vikunnar 28. mars til 3. apríl eru þær að í Rífi bárust 435,5 tonn á land, þar af landaði Matthías, sem er á dragnót, 71 tonni eftir 4 veiðiferðir, Örvar var hæstur línubáta með 59,8 tonn eftir 2 veiðiferðir og aflahæsti netabáturinn var Magnús sem landaði 44,6 tonnnum eftir 5 róðra. Hamar fiskaði 19,9 tonn með botnvörpu í 2 veiðiferðum.

Í Ólafsvík var landað samtals 310,4 tonnnum og þar var Steinunn aflahæst dragnótabáta með 110 tonn eftir 6 róðra, Sjöfn var á netum og landaði 19,8 tonnnum eftir 3 róðra og Kristinn landaði 11,3 tonnnum af línufiski eftir 2 róðra. Þess má svo geta að Arnar SH er í netaralli og landaði 17,5 tonnnum eftir 2 róðra.

Ekki bárust neinar aflatölur frá Arnarstapa þar sem að hafnarvörður brá sér af landi brott.

K.H.

Getraunaleikur Víkinga

Ekki tókst strákunum á Esjari að slá út árangur strákana á Sveinbirni því starfsfólkið í Bylgjunni var með 9 rétta og strákarnir á Esjari voru með 8 rétta. Strákarnir á Esjari hafa skor-

að á Fiskmarkaðinn. Minni á opnunartíman laugardaga frá kl 11.00 til 13.00.

Stjáni Tótu.
Áfram Víkingur.

KB banki opnar í Snæfellsbæ

Í dag fimmtudaginn 6. apríl opnar KB banki þjónustu- og ráðgjafaskrifstofu að Ólafsbraut 34, en þar hefur Vátryggingafélags Íslands verið til húsa um nokkurt skeið. Með þessari opnun KB banka í sama húsnæði stefna fyrirtækin að aukinni samvinnu um þjónustu við íbúa Snæfellsbæjar, enda hafa sífellt fleiri íbúar í Snæfellsbæ verið að bætast í hóp ánægðra viðskiptavina KB banka og VÍS að undanfögnu.

KB banki og VÍS hafa unnið saman á síðustu misserum í að veita viðskiptavinum sínum betri kjör á tryggingum og bankaþjónustu með Vexti.

Það er trú fyrirtækjanna að sterk persónuleg tengsl við viðskiptavininn og góð þjónusta í heimabyggð sé

árangursrík leið til enn betri kjara og þjónustu til handa viðskiptavinum. Með það að markmiði er þessi þjónustu- og ráðgjafarskrifstofa KB banka opnuð og vonandi munu heimamenn nýta sér þessa nýjung í þjónustu í Snæfellsbæ.

Að þessu tilefni munu KB banki og VÍS bjóða viðskiptavinum sínum og öðrum gestum til móttöku á hóteli Höfða kl 17.30 í dag fimmtudaginn 6. apríl.

Þar verða flutt stutt ávörp, Veronica Osterhammer messosopransönkona syngur nokkur lög auk þess sem gestum og gangandi verður boðið upp á léttar veitingar.

Skrifstofan verður opin alla þriðjudaga frá kl 12 .15 til 16.30.

INGJALDSHÓLSKIRKJA

Sunnudagur 9. apríl.

Sunnudagaskóli
kl. 11:00

Leikir, söngur, gleði og gaman ...

Komum saman í kirkjunni til fyrirbænar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur



Aðalbókari Snæfellsbæjar

Óskum eftir að ráða aðalbókara til starfa hjá
Snæfellsbæ.



www.snb.is

Starfssvið

- Merking fylgiskjala, skráning og vinnsla bókhalds.
- Sér um öll milliuppgjör og upplýsingar vegna fjárhagsáætlunar, og ýmsar samantektir.
- Afstemmingar, uppgjör og frágangur bókhalds til endurskoðunar.
- Vinnur að uppsetningu ársreikninga ásamt endurskoðanda.
- Afstemmingar og uppfærslur lána.
- Virðisaukauppgjör, skil og endurkröfur.

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða rekstrar er æskileg, en stúdentsprófs er krafist.
- Haldgóð bókhalds- og tölvuþekking er nauðsynleg.

Umsóknir óskast fylltar út á

www.hagvangur.is.

Númer starfs er 5378.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl nk.

Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson

Netfang: thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



SÝSLUMAÐUR SNÆFELLINGA

Auglýsing um afgreiðslu- og símatíma skrifstofu sýslumanns Snæfellinga í Snæfellsbæ

Afgreiðsla skrifstofu sýslumanns Snæfellinga
í Snæfellsbæ, Bankastræti 1a,
er opin frá kl. 09:00 til kl. 15:30 virka daga.

Síminn á skrifstofunni
er opin sömu daga frá kl. 09:00 - 15:30.
Númerið er 436 1218.

Sýslumaður Snæfellinga
4. apríl 2006.



Sparisjóðurinn skilar hagnaði

Aðalfundur Sparisjóðs Ólafsvíkur var haldinn þann 15. mars s.l. á Hótel Ólafsvíkur.

Sparisjóðurinn skilaði 22,6 millj. kr. hagnaði eftir skatta árið 2005, samanborið við 25,3 millj. kr. á árinu 2004. Vaxtatekjur námu 173,2 millj. kr. árið 2005 en það er 22,7% hækkun frá árinu 2004. Vaxtagjöld hækkðu um 34,5% milli ára og námu 88,0 millj. kr. árið 2005. Hreinar vaxtatekjur námu 85,3 millj. kr. árið 2005 og hækkðu því um 12,4% á milli ára.

Hreinar rekstrartekjur voru 116,1 millj. kr. á árinu á móti 107,5 millj. kr. árið 2004. Hreinar rekstrartekjur hafa hækkað um 8,0% á árinu 2005.

Framlag í afskriftarreikning útlána nam 28,0 millj. kr.

á árinu sem er hækkun um 48,5% frá árinu 2004. Í árslok 2005 eru 100,5 millj. kr. í afskriftareikningi útlána sem er 7,5% af útlánunum og veittum ábyrgðum sparisjóðsins.

Útlán hafa aukist um 2,9% á árinu og nema þau 1.221,2 millj. kr. í árslok 2005. Innlán hafa aukist lítillega á milli ára eða um 0,4%. Innlán sjóðsins nema 943,1 millj. kr. í árslok 2005.

Eigið fé sparisjóðsins var 218,4 millj. kr. í lok árs 2005 en var 195,9 millj. kr. í árslok 2004, aukningin er 11,5%. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt CAD-reglum er 24,09% í lok árs 2005 en var 18,8% í lok árs 2004 en samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%.

Sparisjóður Ólafsvíkur

samdi í lok árs við Sjóvá-Almennar tryggingar hf. um rekstur umboðs.

Stjórn Sparisjóðs Ólafsvíkur var öll endurkjörin á fundinum en hana skipa: Helgi Kristjánsson, formaður, Björn Arnaldsson, varaformaður, Bergmundur Ög-

mundsson, Jenný Guðmundsdóttir og Snorri Böðvarsson. Sparisjóðsstjóri er Helga Valdís Guðjónsdóttir.

Hægt er að nálgast ársreikning Sparisjóðsins á heimasíðu sjóðsins: <http://www.spo.is>

Bikkja



Snyrt og frosin tindabikkjubörð eru framleidd í Fiskiöjgunni Bylgju. Á síðastliðnu ári var unnið úr tæpum 200 tonnum af tindabikkju en börðin eru aðeins um 20% af fiskinum þannig að utan voru flutt um 40 tonn af afurð. Þar með er ekki sagan öll því að mikið af beinum tindabikkjunnar voru flutt til Grundarfjarðar þar sem þau voru hökkuð og sett í gildrur sem agn fyrir beitung þannig að nýtingin er hreint ekki svo afleit. Á landinu öllu var landað um 600 tonnum af tindabikkju á árinu 2005 þannig að um þriðjungur þess afla fór til vinnslu hér í Snæfellsbæ. Í Niðurlöndunum, Hollandi og Belgíu er nokkur hefð fyrir neyslu á nýrri tindabikkju og fer nær öll framleiðslan á þann markað en héraendis er neyslan nær eingöngu bundin við kæsta

tindabikkju sem er þá oft seld sem skata sem er náskyld tindabikkjunni en veiðist í mun minna mæli vegna ofveiði. Þó má orðið sjá á matseðlum finna veitingahúsa auglýst steikt tindabikkjubörð af og til enda er hægt að elda úr þeim dýrindis mat eins og úr nær öllu sem úr sjó er dregið. Tindabikkjubörðin eru ódýrt fiskmeti ytra samanborið við hvítfisk s.s. þorsk og ýsu en molar eru líka brauð og þess vegna nauðsynlegt að sinna þessari framleiðslu, ganga vel um og landa þessum fiski.

Hirtu um bikkjuna þó seint þyngi budduna safnast er saman þar kemur Soðning þar snauðum lýð send héðan ár og síð seður en vömbina hemur

Svar við fyrirspurn

Sæll Kristján.

Í upphafi vil ég taka fram að það ástand sem hefur ríkt í Túnbrekkunni nú í vetur er langt frá því að vera viðunandi. Sá byggingaraðili sem er með lóðirnar ætlaði sér að steypa upp grunnana og grófjafna lóðirnar eins og gert var á Hellissandi og Rifi nú í haust en vegna vetrarríkis þá frestaði hann þeim áformum fram í apríl. Tæknideild Snæfellsbæjar hefur a.m.k. þrisvar sinnum komið á framfæri kvörtunum vegna frágangs á svæð-

inu og hefur framkvæmdastjóri fyrirtækisins komið tvisvar sinnum á svæðið vegna þeirra kvartana. Það er von mín að um leið og grunnarnir verða komnir upp í apríl verði farið í það að hefta mold og annað sem er á svæðinu því núverandi ástand gengur ekki upp. Til fróðleiks skal það upplýst að hafnar eru framkvæmdir hjá sama fyrirtæki á Hellissandi við að reisa hús á þeim grunnum sem þar voru byggðir í haust.

Kveðja, Kristinn Jónason, bæjarstjóri.



Á heimasíðu Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness **fasteignsnae.is** er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Sumir dagar eru slæmir dagar...

Blessunarlega eru flestir dagar fremur áfallalausir hjá íslenskum fjölskyldum. En sumir vilja samt hafa öll sín mál á hreinu. Það er engin tilviljun að um 25.000 fjölskyldur hafa valið F plús fjölskylduþryggingu VÍS.

Sumir eiga hreinlega í erfiðleikum með að trúa því hversu viðtæk F plús tryggingin er. Hún felur í sér og veitir m.a.:

- Tryggingu á innbúi
- Slysaftryggingu í frítíma
- Ferðasjúkra- og ferðaroftryggingu á ferðalögum erlendis
- Faranurstrýggingu á ferðalögum erlendis
- Umönnunartryggingu barna
- Málkostnaðartryggingu
- Ábyrgðartryggingu einstaklings
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Afslátt af öryggisvörum



Vátryggingafélag Íslands
Ármúla 3 · 108 Reykjavík
Sími 560 5000 · vis.is

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar. Kynntu þér kosti F plús á vis.is eða næstu þjónustuskrifstofu okkar.

INGJALDSHÓLSKIRKJA

HELGIHALD UM PÁSKA.

Skírdagur 13. apríl:

Messa og fering kl. 14:00.

Föstudagurinn langi 14. apríl:

Krossljósastund kl. 18:00.

Páskadagur 16. apríl:

Guðsþjónusta kl. 10:00.

Morgunkaffi í boði safnaðarins eftir guðsþjónustu.

Konur eru hvattar til að mæta í þjóðbúningum til kirkju á páskadagsmorgunn.

Komum saman í kirkjunni til
fyrirbænar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur





Gjöfin vex í pakknum

5.000 kr. verða 7.000 kr.

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakknum!

Framtíðarsjóður

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kiktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.



SPARISJÓÐUR
ÓLAFSVÍKUR